



Nafnlausar spurningar

Kennsluleiðbeiningar

Áætlaður tími: Tvær kennslustundir

Markmið

- ☐ Nemendur öðlast dýpri skilning á kynlífi og kynheilbrigðistengdum málum með heimildaleit.
- ☐ Nemendur munu læra hvernig á að meta upplýsingar á gagnrýninn hátt og nota áreiðanlegar heimildir til að finna svör við spurningunum sínum.
- ☐ Efla samskiptahæfni um kynlíf og kynheilbrigðistengd málefni.

Undirbúningur

- ☐ Prenta út spurningarnar á bls. 2 - klippa í sundur miðana, brjóta þá saman og setja í skál eða annað ílát. Spurningarnar eru byggðar á raunverulegum spurningum nemenda í kynfræðslu.
- ☐ Nemendur þurfa aðgang að nettengdri tölvu.
- ☐ Blöð / skrifffæri fyrir nemendur (ef þau þurfa)
- ☐ Skjávarpi / Sjónvarp til að nemendur geti sýnt svör sín og heimildir.

Lýsing

- 1** Ræðið við nemendur um áreiðanlegar heimildir.
 - Vita þau hvað það er?
 - Hvernig vitum við hvort heimild sé áreiðanleg eða ekki?
 - Byðjið þau um að nefna dæmi. T.d. Heilsuvera vs. Tiktok.
 - Hvernig getum við kannað hvort einhver aðilli á samfélagsmiðlum sé áreiðanlegur?
- 2** Hver hópur dregur eina spurningu úr skál. Aðeins hópurinn má sjá spurninguna þar til kynning fer fram.
- 3** Nemendur fá 20–30 mínútur til að finna svar með áreiðanlegum heimildum á netinu.
- 4** Hópurinn setur upp stutt svar (2–4 mínútna kynning) í PowerPoint, Word eða sambærilegu formi.

Í kynningu þurfa nemendur að:

 - Kynna spurninguna sína.
 - Útskýra svarið sem þau fundu.
 - Sýna hvaðan upplýsingarnar komu og rökstyðja áreiðanleika heimildarinnar.
- 5** Hópurinn ígrundar í lokin saman, til dæmis hægt að spyrja:
 - Hvernig fannst þeim þetta verkefni?
 - Var erfitt að vinna svarið? Var erfitt að finna áreiðanlegar heimildir?
 - Hvað gera þau vanalega þegar þau hafa spurningar um kynlíf og sambönd?

Hvernig veit ég hvort einhver sé í alvörunni að meina „já” í kynlífi?

Kærastan mín er alltaf að suða um að ríða en mig langar það ekkert...

Hvernig veit ég hvort sambandið mitt sé heilbrigt eða hvort það sé frekar toxic?

Hvað telst sem kynferðislegt ofbeldi? Er það bara ef einhver snertir mann?

Vinur minn er alltaf að fá ógeðsleg skilaboð send á snap, hann vill ekki segja foreldrum sínum, hvað á ég að gera?

Fyrirverandi er alltaf að hóta að senda myndir af mér sem hann tók e-h tíman þegar við sváfum saman

Ég er mjög skotinn í stelpu sem ég kynntist á Discord og mig langar að fara hitta hana, má ég það ekki alveg ef ég vill það?

Hvað er að vera góður í rúminu? Hvernig verður fólk það?

Mér finnst svo sjúklega vandræðalegt að tala um kynlíf og svona, hvernig geri ég það minna vandræðalegt?

Hvernig veit ég hvað mér finnst gott í kynlífi ef ég hef aldrei sofið hjá neinum?